

Vatnsafl er sólarorka



Verkefni: Hver er þáttur sólarinnar í rafmagnsframleiðslu með vindafli, olíu og jarðhita?

Fyrir tilverkan sólar gufar vatn sífelld upp af yfirborði jarðar. Þegar loftið kólnar þéttist vatnsgufan í ský og fellur sem úrkoma.

Náttúruleg hringrás vatnsins er nýtt til rafmagnsframleiðslu í vatnsorkuverum með því að beisla þá orku sem fólgin er í falli vatnsins á leið þess til sjávar.

Þetta er sannkölluð eilífðarvél sem sólin knýr. Nýting hennar skilar mengunarlausri orku með vistvænni aðferð án þess að gangi á orkugjafann.